



# Fræðslufundur um vinnutímastyttingu

Jónatan Hróbjartsson  
lögfræðingur FA

# Kjarasamningur VR og FA

- Í dag er virki vinnutíminn 36 klst. og 15 mínútur á viku eða 7 klst. og 15 mínútur án allra neysluhléa, samkvæmt kjarasamningi VR og FA.
  - Samkvæmt kjarasamningi VR og SA er virki vinnutíminn fyrir starfsmenn í verslunum 39 klst. og 30 mínútur með kaffihléum en án hádegishléa,
  - Virki vinnutíminn fyrir skrifstofufólk og sölumenn er 37 klst og 30 mínútur með kaffihléum en án hádegishléa.
  - Hins vegar má fella niður kaffitíma með samkomulagi.



# Kjarasamningur VR og FA

- Þann 1. janúar 2020 breytist virkur vinnutími fyrir fulla dagvinnu og verður 35 klst. og 30 mínútur samkvæmt kjarasamningi VR og FA án allra neysluhléa.
  - Virkur vinnutími verður þá 7 klst. og 6 mínútur fyrir fulla dagvinnu á degi hverjum.
- Virkur vinnutími skv. kjarasamningi VR og SA verður:
- 36 klst. og 45 mínútur fyrir skrifstofufólk með kaffitíma.
- 38 klst. og 45 mínútur fyrir verslunarfólk með kaffitíma.



# Tillögur að vinnutímastyttingu

- Vinnutímastyttingin skal vera samkomulag á milli atvinnurekanda og starfsmanna.
- Atvinnurekendur skulu hafa samráð við launamenn um tillögu að útfærslu vinnutímastyttingar á grundvelli eftirfarandi valkosta:
  - Hver dagur styttist um **9** mínútur.
  - Hver vika styttist um **45** mínútur.
  - Safnað upp innan ársins.
  - **Vinnutímastytting með öðrum hætti.**
- Samkomulag skal hafa náðst um framkvæmd vinnutímastyttingar **fyrir 1. desember 2019.**
  - Ef ekki þá styttist hver dagur um **9 mínútur.**



# Vinnutímastytting með öðrum hætti

- Vinnutímastytting getur t.d. safnast upp og hún nýtt á tveggja vikna fresti eða mánaðarfresti. Það er samkomulagsatriði.



# Þarf vinnutímastyttingin að vera eins fyrir alla starfsmenn?

- Vinnutímastyttingin getur verið:
  - Eins fyrir alla starfsmenn fyrirtækis.
  - Eins fyrir tiltekna deildir innan fyrirtækis.
  - Einstaklingsbundin vinnutímastytting.
- Vinnutímastyttingin á **bara við um þá** starfsmenn sem eru félagsmenn í VR.



# Dagvinnutímabil skv. kjarasamningi VR og FA

- Dagvinnutímabil telst tíminn frá kl 7:00-19:00 á virkum dögum.
  - Mikil tækifæri fólgin í löngu dagvinnutímabili kjarasamnings VR og FA.
  - Sumir starfsmenn vilja mæta snemma og klára snemma.
  - Sumir starfsmenn vilja mæta seint og klára seint.
- Dagvinnutímabil skv. kjarasamningi VR og SA
  - 9:00-18:00 frá mánudegi til föstudags hjá afgreiðslufólki.
  - 9:00-17:00 fyrir skrifstofufólk.
  - Heimilt að hefja dagvinnu kl. 7:00, fer eftir samkomulagi á hverjum vinnustað.





# Mismunandi vinnu- fyrirkomulag og laun

- Föst mánaðarlaun
  - Óbreytt laun en styttri viðvera starfsmanna.
- Hlutastarf
  - Starfsmaður í föstu og reglubundnu hlutastarfi á rétt á hlutfallslegri styttingu í samræmi við starfshlutfall.
- Tímakaup
  - Reikna þarf tímakaup uppá nýtt miðað við nýjar deilitölur í kjarasamningi VR og FA.
  - 1. janúar 2020 breytast deilitölur dagvinnutímakaups.
  - Núgildandi deilitala er 157 en nýja deilitala dagvinnutímakaups verður 153,86



# Mismunandi vinnu- fyrirkomulag og laun

- Helgarstarfsmenn og starfsmenn á kvöldvakt
  - Yfirvinna hefst 3 klst. og 15 mínútum fyrr.
- Starfsfólk í vaktavinnu
  - Starfsfólk sem vinnur vaktavinnu og er í 100% vinnusambandi á einnig rétt á vinnutímastyttingu.



# Mismunandi vinnu- fyrirkomulag og laun

- Markaðslaun
  - Umsaminn vinnutími styttist sem nemur vinnutímastyttingunni án skerðingar launa.
- Pakkalaun
  - Fáir starfsmaður greidd pakkalaun án greiddrar yfirvinnu, á hann rétt á vinnutímastyttingu án skerðingar launa.
- Sveigjanlegur vinnutími
  - Umsaminn vinnutími styttist um 3 klst. og 15 mínútur á mánuði án skerðingar launa
- Verkefnatengd vinna
  - Sé miðað við vinnutíma skv. núgildandi kjarasamningi þá á viðkomandi rétt á styttingu.
- Ef ekki er hægt að stytta vinnutíma starfsmanns þá hefst yfirvinna 9 mínútum fyrir á degi hverjum.



# Aðrir kjarasamningar FA

- Kjarasamningur VR og FA er sá eini sem kveður á um vinnutímastyttingu sem tekur gildi þann 1. janúar 2020.
- Kjarasamningur FA og RSÍ
  - Breytingar á ákvæðum vinnutíma taka gildi 1. apríl 2021.
- Kjarasamningur Grafíu og FA/SÍA
  - Breyting á vinnutíma tekur gildi þann 1. apríl 2020.



# Samkomulag um vinnutímastyttingu

- Mælum með því að gerður sé viðauki við ráðningarsamning um útfærslu á vinnutímastyttingu.
- Samkomulag undirritað af trúnaðarmanni fyrirtækisins.



# Spurningar?

